



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um verkefni skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Á fundi borgarráðs 4. september sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

"Óskað er eftir yfirliti yfir öll verkefni sem vistuð eru á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar er snúa að eignaumsýslu borgarinnar."

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar og þar með eignaumsýslu Reykjavíkurborgar. Skrifstofan heldur utan um land og fasteignir, sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag. Tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla borgina, bæta samkeppnisstöðu og fjölbreytileika hennar og vinnur að gerð úthlutunarskilmála og sér um lóðaúthlutanir. Eins fer skrifstofan með með tryggingamál Reykjavíkurborgar.

Skrifstofan ber ábyrgð á og leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun nýframkvæmda og búnaðar fyrir hvert ár og vinnur við fimm ára fjárfestingaáætlun í samráði við fagsviðin og fjármálaskrifstofu. Eins ber ábyrgð á og leiðir vinnu við gerð viðhaldsáætlunar eignasafns Reykjavíkurborgar. Skrifstofan gerir samning við Umhverfis- og skipulagssvið um verklegar framkvæmdir og ýmis eignaumsýsluverkefni.

Verkefnin eru fjölmörg og er haldið utan um þau í hópvinnukerfi skrifstofunnar sem að jafnframt er skjalavistunarkerfi borgarinnar.

Í greinargerð skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem er hluti af greinargerð fagsviða og B hluta fyrirtækja með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborga 2018-2020 er frekari umfjöllun um fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2018 sem ætti að gefa frekari innsýn í verkefni skrifstofunnar

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/greinargerð_fagsviða_og_b-hluta_fyrirtækja_2018-2022.pdf sjá bls. 71-74.

Óli Jón Hertervig